

14. fundur stjórnar FSÍ, haldinn þriðjudaginn 24, febrúar, kl.20:00 í fundarsölum ÍSÍ, Engjavegi 6.

Mættir: Þorgerður Laufey Diðriksdóttir formaður, Einar Ólafsson ritari, og Guðrún Harðardóttir meðstjórnandi. Auk þess sátu fundinn eftirtaldir áheyrnarfulltrúar, Sæunn Viggósdóttir fulltrúi nefndar um fimleika fyrir alla, Olga Bjarnadóttir formaður tækninefndar í hóp fimleikum, Halla Karí Hjalted fulltrúi tækninefndar kvenna og Sigurður Hrafn Pétursson, formaður tækninefndar karla. Jafnframt sat fundinn, Sólveig Jónsdóttir sviðsstjóri landsliðsmála og Íris Svavarsdóttir, sviðsstjóri fræðslumála.

Arnar Ólafsson varaformaður og Jósep Húnfjörð gjaldkeri boðuðu forföll. Jón Finnbogason, formaður laganefndar og Guðmundur Þór Brynjólfsson, formaður fræðslunefndar, voru boðaðir en þáðu ekki boðið.

Dagskrá:

1. Erindi frá TKV og TK, efni: Afreksstefnu FSÍ

Bréf dagsett 14. febrúar 2014, stílað á Stjórn FSÍ frá tækninefnd kvenna og tækninefnd karla í áhaldafimleikum. Efni bréfsins; TKV og TK óska eftir því að stjórn gefi út afreksstefnu.

Greinargerð:

Fyrir rúnum tveimur árum var boðað til vinnuhelgar með fagfólki í fimleikum til þess að móta afreksstefnu FSÍ. Fölmargir einstaklingar mættu og var farið yfir ýmsa þætti sem tengjast afreksstarfi og ákveðnar hugmyndir mótaðar þessa helgi. Tækninefndir fagna því að nú þegar sé verið að vinna samkvæmt stefnunni og margt af því sem var lagt upp með hefur verið framkvæmt. Við óskum hins vegar eftir því að hún verði gefin út formlega eins og lagt var upp með. Mögulega þarf að gera einhverjar breytingar og leggjum við til að landsliðsþjálfarar ásamt sviðstjóra landsliðsmála klári þá vinnu sem allra fyrst svo að hægt sé að kynna stefnuna á þinginu í vor og birta á vef Fimleikasambandsins að því loknu.

Málið rætt.

Stjórn samþykkir að hraða þeirri vinnu til að gefa afreksstefnuna út og koma henni á vef sambandsins og ekki síðar en á þingið í vor.

2. Erindi frá FFA, efni Gymnaestrada

Bréf dagsett 19. febrúar 2014, stílað á stjórn FSÍ frá nefnd um fimleika fyrir alla. Efni bréfsins Gymnaestrada, og fylgiskjal með hugmyndavinnu að sýningarhópum.

Greinargerð:

FFA óskar eftir samvinnu við stjórn FSÍ um hvernig mögulegt sé að standa myndarlega að kynningu á Gymnaströðu nú á næstu vikum. FFA óskar eftir skýrum svörum frá stjórn um það hvort hún telji það raunhæft að setja saman sýningarhóp og hvernig hann yrði fjármagnaður eins og rætt var um með það að markmiði að myndarleg þátttaka verði frá Íslandi í Helsinki 2015.

Málið rætt.

FSÍ tekur mjög vel í þessa ósk um samvinnu og samþykkir að taka málið áfram og stefna að þátttöku á Gymnaströðu 2015.

3. Erindi fra THF, Efni Gestadómarar á Íslandsmóti í hópfirmleikum.

Bréf frá THF dagsett 11. febrúar 2014 stílað á stjórn FSÍ frá tækninefnd í hópfirmleikum. Efni bréfsins; beiðni um gestadómara á Íslandsmót í hópfirmleikum.

Greinargerð:

Tækninefnd í hópfirmleikum óskar eftir samþykki stjórnar að bjóða hingað 2 erlendum gestadómurum til að dæma Íslandsmótið í hópfirmleikum. THF hefur farið þess á leit við stjórn síðustu ár að fá hingað erlenda gestadómara og fengið jákvæðar undirtektir. Dómararnir sem hingað hafa komið, hafa komið með góða þekkingu og vinnulag og gefið okkar dómurum gott aðhald. Okkur finnst ásýnd mótanna verða virðulegra og fagmannlegra. Einnig hafa dómararnir gefið okkur ábendingar um mótahald ár frá ári og við reynt að bæta okkur í takt við þær ábendingar.

Í verkefnaskrá FSÍ eru erlend verkefni áberandi í hópfirmleikum þetta ár og næsta en FSÍ heldur norðurlandamót unglunga í vor, Evrópumót í haust og norðurlandamót fullorðina á næsta ári. Það að bjóða hingað erlendum dómurum eru góð viðbót í að viðhalda góðu samstarfi á norðurlöndum sem búið er að byggja upp síðustu ár og verður það enn sterkara með þessari viðbót.

Málið rætt

Stjórnin samþykkir beiðni THF og samþykkir að greiða fyrir flug og gistingu dómara. Samþykkt þessi felur ekki í sér greiðslu dómara launa eða upphalds.

Til kynningar

1. Starfsmannamál

- a. **Helgi Jóhannesson hefur lét af störfum 18. febrúar sl.** Stjórn FSÍ þakkar Helga fyrir vel unnin störf.

2. Mótamál.

- a. Íris fór yfir mótamálin og kynnti hvernig þau eru stödd í dag. 8 mót búið af 17.

3. Landsliðsmál FSÍ

- a. Sólveig Jónsdóttir fór yfir landsliðsmál FSÍ og kynnti hvernig þau eru stödd í dag. Kynnti hvað hefur verið gert í haust sbr. fræðsludag 18. des. Skiptingu hópa fyrir EM 2014. TBP 2.-3. mars. Úrvalshópar. Fundir með foreldrum, yfirþj. formönnum etc. Val á landsliðum. Fimleikaeinvígi. Senda út æfingaáætlun út önnina. Afreksstefna FSÍ, vorönn 2014 gefin út.

4. Staða undirbúnings fyrir smáþjóðleika 2015

- a. Þorgerður formaður FSÍ fór yfir stöðu undirbúnings fyrir smáþjóðleikana sumarið 2015. Óskar Örn Guðbrandsson, verkefnastjóri Smáþjóðleika 2015 leiðir vinnu fyrir hönd ÍSÍ og fjöldi funda hefur verið haldnir vegna þeirra. Mótið verður haldið í Laugardalnum í húsnæði fimleikadeildar Ármanns. Hlín Bjarnadóttir hefur samþykkt að vera mótsstjóri fimleikahluta smáþjóðleikanna, Björn M. Tómarsson alþjóðadómara og Berglindi Pétursdóttur alþjóðadómara verða í forsvari fyrir dómagæslu mótsins og Kristinn Arason og Jósep Húnfjörð munu vera í forsvari fyrir upplýsingartæknimál fimleikahlutans. Jón Þór Ólason er í forsvari fyrir húsnæði þar sem fimleikamótið fer fram og er hann í samvinnu og samstarfi við ÍSÍ og Reykjavíkurborg. Ljóst er að margvíslegar breytingar eru nauðsynlegar til að hægt sé að halda FIG áhaldafimleikamót hér á landi. Þegar er komið samþykki fyrir því að keypt verða ný áhöld sem uppfylla kröfur FIG um öryggi og aldur. Jafnframt þarf að auka áhorfendasæti verulega til þess að mótið uppfylli kröfur leikanna. Þessi hópur fundar í þessari viku til að leggja drög að vinnu framundan.